

Fundur 1. nóvember 2006

Fundur í stjórn Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Barmahlíðar haldinn 1. nóvember 2006 kl. 20:00.

Mættir voru Gústaf Jökull Ólafsson, Egill Sigurgeirsson, Sigurbjörg Daníelsdóttir, Þuríður Stefánsdóttir og Óskar Steingrímsson sem fundarritari.

1. Kosning formanns.
Sigurbjörg Daníelsdóttir kosin formaður.
2. Kosning varaformanns.
Gústaf Jökull Ólafsson kosinn varaformaður.
3. Kosning ritara.
Egill Sigurgeirsson kosinn ritari.
4. Þuríður skýrði frá því að Tryggingastofnun telji sig hafa ofgreitt Barmahlíð vegna tölu vistmanna. Skuld um kr. 1.300.000 ef rétt reynist. Fjórir einstaklingar sem ekki eru komnir á aldur eru vistaðir með undanþágu. Einn þeirra er á förum á aðra stofnun. Nokkrir einstaklingar eru á biðlista eftir vistun. Ekkert hefur gengið að fá heimild heilbrigðisráuneytisins fyrir fjölgun vistmanna. Ákveðið var að taka saman upplýsingar um reksturinn og fara á fund Sivjar Friðleifsdóttur og fá launs mála.
5. Rætt hvort beina ætti meiri viðskiptum Barmahlíðar til Jónsbúðar. Samþykkt að beina viðskiptum í meira mæli til Jónsbúðar og koma á vinnureglum í því sambandi sem aðilar koma sér saman um.

Fleira ekki bókað. Fundi slitið kl. 21:40.

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Sigurbjörg Daníelsdóttir (sign)

Egill Sigurgeirsson (sign)

Þuríður Stefánsdóttir (sign)

Óskar Steingrímsson (sign)